

**Nd.**

## **280. Frumvarp**

til laga um utanfararstyrk presta.

Frá menntamálanefnd.

### **1. gr.**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega allt að 3 prestum, þeim, er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfarar með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

### **2. gr.**

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum. Skal hann síðan leitast við að gera för sína arðberandi fyrir sveit sína og söfnuð, m. a. með því að flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sínni, og skal a. m. k. eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

### **3. gr.**

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti, og greiðist hann þegar utanför er hafin.

### **4. gr.**

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuðum meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum, og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannapresta alls eigi við komið, að dómi kirkjustjórnar, svo sem vegna fjölmennis prestakalls eða veikinda nágrannaprests, og sér kirkjustjórnin þá prestakallinu fyrir þjónustu til bráðabirgða.

5. gr.

Nú sækja eitthvert ár færri prestar um utanfararstyrk en heimilt er að veita samkvæmt lögum þessum, og má þá veita þeim mun fleiri prestum utanfararstyrk næsta ár.

6. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn. En þeir umsækjendur, er eigi hafa fengið hann í það sinn, skulu þá, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrk næsta ár.

7. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 10. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeir prestar, sem notið hafa utanfararstyrks úr sáttmálasjóði, njóta eigi styrks samkvæmt lögum þessum, fyrr en liðin eru 5 ár.

### Greinargerð.

Formaður millipinganevndarinnar um kirkjumál hefir komið á fund menntamálanefndar, og flytur nefndin frumvarp þetta fyrir tilmæli hans. Smábreytingar hefir menntamálanefnd gert á frumvarpinu, svo sem að færa tölu þeirra presta, sem utanfararstyrk eiga að fá árlega, úr 5 niður í 3, nema burt ákvæði, sem batt rétt þennan við þjóðkirkjupresta eina, og gera ekki ráð fyrir, að prestur geti fengið utanfararstyrk oftar en á 10 ára fresti, í stað 7 ára. Að öðru leyti fer hér á eftir sem fylgiskjal greinargerð millipinganevndarinnar.

### Fylgiskjal.

Utanfarir islenskra menntamanna hafa mjög farið í vöxt á seinni árum, enda hefir rikissjóður lagt fram nokkurt fé þeim til styrktar. Innan sumra starfsgreina eiga nú nokkrir menn árlega kost á því að fara, með styrk af opinberu fé, til hinna helztu menningarlanda, til þess að afla sér nýjustu þekkingar í fræðigrein sinni. Auk þessa hefir sáttmálasjóður veitt, einkum ungum kandidötum, styrki til framhaldsnáms erlendis.

Eigi þarf að fjölyrða um það, hvilíkt gagn má verða að þessum utanförum islenskra menntamanna fyrir menningu og andlegt líf þjóðar vorrar. Allir munu sammála um, að andleg einangrun sé skaðvænleg og að nauðsyn beri til, að kirkjan eigi þess kost að kynnast menningarstraumum umheimsins og því, sem þar gerist merkast í trúar- og kirkjulífi og mannúðarmálum.

Til þessa hafa islenskir prestar átt þess lítinn kost að fara utan. Kveður svo rammt að um einangrun prestanna, að meðal þeirra, sem nú eru þjónandi í embætti, hafa aðeins örfáir nokkru sinni út fyrir landsteinana komið. Mun þó alls ekki um að kenna áhugaleysi presta, fremur en annara menntamanna, í þessa átt, heldur mun aðstaða þeirra og erfiður hagur valda hér mestu.

Á þessu ætti frumvarp þetta, ef að lögum yrði, að ráða nokkra bót. Má fyllilega vænta þess, að utanfarir presta í þessu skyni myndu efla andlegan þrótt þeirra, áhuga og viðsýni og hafa heillavænleg áhrif á kirkjuna í heild sinni, sem nú ber of víða menjar einangrunar og áhugaleysis.

Gert er ráð fyrir, að 5 prestar fái styrk til utanfarar á ári, 2000 kr. hver. Nú eru rúmlega 100 þjónandi prestar í landinu, og munu prestar þá að jafnaði eiga þess kost að fara utan tuttugasta hvert ár og því flestir ekki nema einu sinni í prestskapartið sinni.

Enn meiri áherzlu verður þó að leggja á það, að sú upphæð, sem hverjum einum er ætluð, verði eigi lækkuð frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hag íslenzkra presta er tvímælalaust þannig farið, að ekki myndu nema örfáir þeirra geta hugsað til utanfarar og dvalar erlendis með þeim kjörum, að eiga sjálfir að leggja fram nokkurn verulegan hluta af kostnaðinum. Hinsvegar verða prestar að leggja nokkuð á sig vegna utanfaranna, þar sem þeim samkvæmt frumvarpinu er skylt, ef við verður komið, að þjóna endurgjaldslaust í allt að 6 mánuðum nágrannaprestakalli, meðan prestur þar er í utanför, en telja má vist, að þeim verði það ljúf skylda að greiða þannig hver fyrir öðrum, jafnvel þó að ekki njóti þeir ávallt greiðans sjálfir, sem veita hann öðrum.

Einstakar greinar frumvarpsins virðast eigi þurfa skýringa.